

LEIÐSÖGN Siðareglur leiðsögumanna

1. Leiðsögumaður hefur því mikilvæga hlutverki að gegna að leiða ferðamenn um landið og veita þeim innsýn í menningu, sögu og náttúru Íslands. Hann setur öryggi þeirra og velferð ávallt í öndvegi og leitast við að veita þeim góða þjónustu.
2. Leiðsögumaður miðlar fróðleik um land og þjóð af ábyrgð, á grundvelli staðreynda og haldbærrar þekkingar. Hann virðir höfunda- og hugverkaréttindi, eignar sér ekki hugmyndir annarra og getur heimilda þar sem við á.
3. Leiðsögumaður þekkir skyldur sínar og réttindi, gerir sér grein fyrir faglegrri ábyrgð sinni og iðkar faglegra starfshætti. Hann skal forðast orð og athafnir sem kasta rýrð á land okkar, þjóð og lífsvenjur, og sama gildir um aðrar þjóðir. Hann ber virðingu fyrir starfsheiti sínu og gætir orðspors og hagsmuna stéttar sinnar.
4. Leiðsögumaður hefur í heiðri góða siði, virðir lög, reglur og gildi samfélagsins, jafnt og siðareglur Leiðsagnar. Ekki er við hæfi að leiðsögumaður stundi solumennsku né gangi erinda eigin viðskiptahagsmuna eða annarra, áskilji sér ókeypis veitingar eða umboðsþóknun, eða láti hagsmunatengsl hafa áhrif á störf sín.
5. Leiðsögumaður leggur sig fram um að viðhalda þekkingu sinni og færni, m.a. með því að sækja námskeið í skyndihjálp á vegum Leiðsagnar. Hann þekkir mörk hæfni sinnar og tekur ekki að sér verkefni sem hann skortir þekkingu, tungumálakunnáttu eða þjálfun til.
6. Leiðsögumaður gætir hagsmuna atvinnurekanda síns jafnt og viðskiptavina sinna. Honum ber að sýna virðingu, lipurð og tillitssemi í umgengni við farþega og gæta fyllstu reglusemi í ferðum.
7. Leiðsögumaður stuðlar að heiðarlegri og faglegrri samvinnu við alla þá sem hann starfar með og fyrir, og virðir fag- og ábyrgðarsvið annarra og vinnuframlag þeirra. Hann stundar málefnaleg skoðanaskipti og stuðlar að góðum starfsanda með tillitssemi, vinsemd og umburðarlyndi í störfum sínum.
8. Leiðsögumaður virðir mannréttindi, hefur jafnrétti að leiðarljósi og mismunar ekki vegna kyns, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs, þjóðernis, trúarbragða, fötlunar eða skoðana, né á nokkrum öðrum forsendum.
9. Leiðsögumaður tekur ekki undir nokkrum kringumstæðum þátt í áreitni, einelti eða ofbeldi af neinu tagi, hvorki í orðum eða gjörðum, og er á varðbergi gagnvart slíkri háttsemi hjá öðrum. Ef upp koma tilvik sem þarf að bregðast við skal miða við verklagsreglur ASÍ í slíkum málum eða leita aðstoðar fagaðila.
10. Leiðsögumaður sýnir ávallt varfærni í meðferð persónulegra upplýsinga sem hann öðlast starfs síns vegna, og deilir ekki persónugreinanlegum upplýsingum.
11. Leiðsögumaður hefur í hvívetna vistvæna umgengni, náttúruvernd og sjálfbæra þróun að leiðarljósi og vekur athygli ferðamanna á þeim reglum sem gilda um vernd náttúru á Íslandi, svo sem að ekki megi tína grjót né plöntur eða spilla gróðri á náttúruverndarsvæðum, né aka utan vega á Íslandi (sbr. lög um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerð um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands nr. 528/2005).

Stjórn Leiðsagnar tekur við og fjallar um erindi er varða brot á siðareglum félagsins og getur einnig tekið upp mál að eigin frumkvæði. Komist stjórn að þeirri niðurstöðu að orð eða athafnir félagsmanns stríði gegn siðareglum félagsins, skal málið tekið fyrir í trúnaðarráði sem fjallar um málið. Stjórn tekur í framhaldinu endanlega ákvörðun um hvort veita skuli viðkomandi félagsmanni áminningu eða hann sviptur réttindum fullgilds félagsmanns (sbr. 11.gr. laga félagsins). Stjórn er heimilt að vísa slíkum málum til fagaðila ef þurfa þykir eða stofna til þriggja manna úrskurðarnefndar óháðri stjórn. (Málefni er varða ófélagsbundna leiðsögumenn skulu tekin upp hjá viðkomandi atvinnurekanda.)

Siðareglur þessar samþykktar á aðalfundi Leiðsagnar þann 26. apríl 2022.